

✉ Re: 1810136 - Endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar, tillaga á vinnslustigi send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Búið til	31.3.2021 15:54:49
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	31.3.2021 15:55:35
Tilheyrir	 202103-0020 - Endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar, tillaga á vinnslustigi send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Efni

Re: 1810136 - Endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar, tillaga á vinnslustigi send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Upplýsingar

Sent	31.3.2021 15:55:35	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is
Cc	valur@fjardabyggd.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202103-0020 (LÁ, RTh, OKV, KHS, IAS)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Fjarðabyggð, dags. 17. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar. Tillagan er sett fram í greinagerð, þemakortum og umhverfisskýrslu í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemdir við eftirtalin atriði:

Aukin skógrækt: Auka á skógrækt á samtals um 1.580 ha lands í Fjarðabyggð. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við áætlun um skógrækt sem felur í sér skörun við náttúruverndarsvæði s.s. aðrar náttúruminjar á núgildandi náttúruminjaskrá og svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Dæmi um þetta eru Sandfell í Fáskrúðsfirði og votlendi (>2 ha) við Brekkuborg í Breiðdalsvík. Hjá

Skógræktinni er nú unnið að skilgreiningu og kortlagningu á sérstæðum og vistfræðilega mikilvægum birkiskógum skv. 61. gr. nvl. og því er ekki ljóst hver skörun nýrra skógræktarsvæða í Fjarðabyggð er við slík svæði sem skulu njóta verndar. Þá er vitað að umfangsmikil skógrækt breytir vistkerfum og ásynd lands.

Eitt af markmiðum skógræktar á svæðinu er aukin kolefnisbinding. Á bls. 26 í greinargerð skipulagsins segir: „*Skv. gögnum Skógræktarinnar er náttúrulegt birki innan Fjarðabyggðar 5.583 ha og ræktað skóglendi 1.195 ha. Árleg binding skóganna gæti þá verið tæp 30.000 tonn á ári.*“ og með áformum um skógrækt á 1580 ha svæði til viðbótar verði heildarbinding um 55.700 tonn á ári. Hér þarf að koma skýrt fram að mörg ár tekur að ná fullri kolefnisbindingu nýrra skógræktarsvæða og rétt væri að taka með í þá tölu aðra þætti sem hafa áhrif á heildarbindingu (sbr. bls. 25 í greinargerð).

Náttúrufræðistofnun vill benda á að binding kolefnis er virk í vel grónu landi og að taka þarf tillit til verndargildis vistgerða þar sem ráðgert er að rækta skóg. Jafnframt verði samhliða skoðaðir aðrir valkostir við að fylgja markmiðum stjórnvalda um kolefnisjöfnun.

Fyrir liggur nokkur misstór skógræktarsvæði en aðeins hluti (> 200 ha) þeirra er tilkynningaskyldur til Skipulagsstofnunar (flokkur B), en annars til sveitarfélagsins (flokkur C). Allur gangur er á því hvort skógrækt undir 200 ha komi til umsagnar Náttúrufræðistofnunar. Að mati stofnunarinnar þarf að meta samlegðaráhrif skógræktar og verndargildi náttúruminja heildstætt fyrir allt land undir 300 m hæð (um 63.400 ha, sjá bls. 26) í Fjarðabyggð.

Náttúrufræðistofnun gerir einnig athugasemd við birtingu gagna í kortasjá sem fylgir endurskoðun aðalskipulagsins og sýnir gögn frá Skógræktinni undir vernd 61. gr. nvl. þar sem settar eru saman þekjur sem sýna „náttúrulegt skóglendi“ og ræktaðan skóg.

Ágengar tegundir: Sveitarfélagið hyggst halda lúpínu í skefjum og eru náttúruverndarsvæði í forgangi (bls. 25). Stofnunin vill benda á að skógarkerfill finnst á Gerpissvæðinu en hann er einnig flokkaður sem framandi og ágeng tegund (<https://www.ni.is/grodur/agengar-plontur> (<https://www.ni.is/grodur/agengar-plontur>)). Umhverfisstofnun er að vinna að friðlýsingu svæðisins um þessar mundir (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gerpissvaedi/> (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gerpissvaedi/>)).

Stækkun Mjóeyrarhafnar: Á bls. 18 stendur: „*Í aðalskipulagstillögunni er óbreytt stefna um að Mjóeyrarhöfn gegni því hlutverki að vera aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi.*“ Stækkun Mjóeyrarhafnar til austurs verður til þess að einungis eru um 600 m frá hafnarsvæðinu í friðlandið Hólmanes og því má gera ráð fyrir að höfnin komi til með að hafa veruleg áhrif á hljóðvist, loftgæði, náttúruminjar og ásynd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun bendir á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið og fólkvanginn Hólmanes (vefur UST <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/holmanes/>) þar sem vitnað er í Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 um að Hólmanes sé ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og að ekki sé gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar. Jafnframt kemur fram að í deiliskipulagi sé það markmið Fjarðabyggðar að auka gildi svæðisins fyrir almenning og stuðla að aðgengi fyrir alla. Náttúrufræðistofnun telur að verulega sé þrengt að friðlandinu Hólmanesi með stækkun Mjóeyrarhafnar til austurs og að hún komi til með að skaða gildi útivistarsvæðisins.

Stækkun iðnaðarsvæðis við botn Norðfjarðar: Á bls. 22 kemur fram að nýta á svæðið milli núverandi iðnaðarsvæðis og flugbrautar með uppfyllingu í sjávarleirur sem þar eru, eða samtals um 5,7 ha svæði. Sjávarleiran norðan flugbrautar er í dag um 24 ha og er hætta á því að með uppfyllingu lokist alveg fyrir náttúrulegt sjávarflæði inn á hana. Því má gera ráð fyrir að neikvæð áhrif stækkun iðnaðarsvæðis verði mun meiri en sem nemur uppfyllingunni. Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Lesa má enn frekar um leirur á vef Náttúrufræðistofnunar <https://www.ni.is/greinar/leirur> (<https://www.ni.is/greinar/leirur>)

Í 61. gr. nvl. kemur fram að forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem talin eru upp nema **að brýna nauðsyn beri til**. Ekki er ljóst í matsskýrslunni hver sú brýna nauðsyn er að stækka iðnaðarsvæðið út í leirurnar, þó nefnd sé matvælaframleiðsla í framtíðarsýn sóknaráætlunar Austurlands fyrir 2030.

Efnistaka: Á bls. 35 er fjallað um nýjar eða stækkaðar námur til að mæta þörf samfélagsins fyrir jarðefni á skipulagstímabilinu. Nefnd er náma merkt E-10 þar sem er náttúrulegt birkikjarr en í matsskýrslunni segir „...*en afar ósennilegt er að þar sé um að rækta sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg.*“ Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að þetta sé rannsakað áður en efnistökusvæði eru skrifuð inn í aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Þá gerir stofnunin líka athugasemdir við nýjar setnámur í sjávarhjöllum og árfarvegum.

Jarðgrunnur Austurlands er því miður lítt rannsakaður, en kortlagðar hafa verið fornar strandlínur, sjávarhjarlar og jökulgarðar sem mynduðust í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 10.000 árum. Slíkar jarðminjar frá lokum ísaldar hafa víða á Íslandi orðið fyrir óafturkræfu raski og jafnvel horfið með öllu vegna efnistöku.

Sýnt hefur verið fram á að efnistaka í árfarvegum getur valdið miklum skaða á lífríki og jafnvel stuðlað að rofi ef efnistaka er meiri en geta straumvatnsins er til efnisflutninga og endurnýjunar árbots.

Náttúrufræðistofnun mælist til þess að við val á nýjum efnisnámmum innan Fjarðabyggðar sé vandað til verka til að komast hjá skaða á umhverfi, vistkerfum og merkjum jarðminjum.

Hverfisvernd: Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemdir við að ekki sé lögð meiri áhersla á náttúruvernd eða hverfisvernd í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar en raunin er.

Á bls. 3 kemur fram að „*Hverfisvernd hefur verið tekin út þegar sama eða jafngild stefna um landnotkun er færð inn í skipulagsskilmála og þegar fyrir hendi eru hliðstæð verndarákvæði sem sett eru með öðrum stjórnþækjum, t.d. lögum um náttúruvernd.*“ og jafnframt „*Þar sem ekki reyndust vera forsendur fyrir samræmingu hverfisverndarákvæða vegna ófullnægjandi upplýsinga um sérstöðu í náttúrufari fyrir allt sveitarfélagið var slíkum hverfisverndarsvæðum sleppt enda þá ekki um afgerandi eða skýr skilyrði fyrir mannvirkjagerð að ræða.*“ Náttúrufræðistofnun telur það ekki ásettanlegan rökstuðning að taka þurfi út hverfisverndarsvæði þar sem náttúrufarsupplýsingar eru ekki nægjanlegar til að skilyrða mannvirkjagerð. Stofnunin telur heldur ekki fullnægjandi að settir séu almennir skilmálar eins og fram kemur á bls. 3: „*Í stað hverfisverndar á afmörkuðum stöðum eru settir almennir skilmálar, t.d. fyrir landbúnaðarsvæði og opin svæði, um að gögn vegna útgáfu framkvæmdaleyfis skuli sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu menningarminja, vatnafars, jarðmyndana og viðkvæmra vistkerfa og engu slíku spillt að nauðsynjalausu.*“

Innan Fjarðabyggðar eru margar náttúruperlur sem myndu sóma sér vel sem hverfisvernduð svæði, s.s. leirur, fossar og votlendi. Einnig má nefna sérstæðar fjöruvistgerðir sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjasrá, s.s. fjörupollar við Dalatanga sem hafa hátt verndargildi meðal fjöruvistgerða (<https://www.ni.is/greinar/au-dalatangi>) eða klóþangsfjörur við Vattarnes sem eru forgangsvistgerð (<https://www.ni.is/greinar/au-vattarnes>)). Þá hefur Náttúrufræðistofnun nýlega gefið út jarðfræðikort af Austurlandi (í mkv. 1:100.000) þar sem nefndir eru 14 áhugaverðir staðir jarðminja innan Fjarðabyggðar. Átta alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði eru innan Fjarðabyggðar, sjá http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf), og er þeirra hvergi getið í skipulagsgögnunum. Þá eru ótalin svæði fágætra plöntutegunda og vistgerða.

Hvað varðar náttúruvernd telur Náttúrufræðistofnun að gera megi mun betur í tillögum að endurskoðun á aðalskipulagi Fjarðabyggðar.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulags og matslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Valur Sveinsson" <valur@fjardabyggd.is>

To:

CC:

Subject: 1810136 - Endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar, tillaga á vinnslustigi send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Date: 17.3.2021 13:02:03

Sæl öll

Sendi meðfylgjandi til umsagnar tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi Fjarðabyggðar á vinnslustigi.

Endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar

Unnið hefur verið að mótun tillögu um endurskoðað aðalskipulag Fjarðabyggðar í samræmi við lýsingu verkefnisins, sem var kynnt vorið 2020. Nú liggja fyrir drög til kynningar á vinnslustigi en slík kynning er liður í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila um efni og áherslur í tillögunni eins og kveðið er á um í 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mikilvægt er að íbúar og hagsmunaaðilar kynni sér tillögudrögin og bendi á það sem betur má fara.

Tillögudrögin eru sett fram í greinargerð og uppdráttum og með henni fylgir umhverfisskýrsla í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Öll gögn má skoða á vefnum <https://fjardabyggd.alta.is> (<https://fjardabyggd.alta.is/>)

Tillagan mun einnig vera aðgengileg á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð og í þjónustugáttum bókasafna dagana 17. til 31. mars næstkomandi. Opið hús verður að Búðareyri 1 á Reyðarfirði milli klukkan 14:00 og 18:00 þann 24. mars, þar sem skipulagsfulltrúi verður til viðtals um efni tillögunnar.

Ábendingar má senda meðan á kynningartímanum stendur í tölvupósti til skipulagsfulltrúi@fjardabyggd.is (<mailto:skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is>) eða í bréfpósti til skipulagsfulltrúa.

Umhverfis- og Skipulagssvið Fjarðabyggðar

Kveðja Valur Sveinsson



FJARÐABYGGÐ

Þú ert á góðum stað

Valur Sveinsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

valur.sveinsson@fjardabyggd.is



Fjarðabyggð +354 470
9061

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð
www.fjardabyggd.is
(<http://www.fjardabyggd.is/>)

Fyrirvari/legal disclaimer (<http://www.fjardabyggd.is/fyrirvari>)

Viðhengi

image006.jpg (2 KB)

image005.jpg (2 KB)

image001.png (5 KB)

